

11

22. febr.

6. gr.

Brot á samþykkt þessari varða sektum frá 2—20 kr., er renni í sveitarsjóð.

Samþykkt þessi er hjermeð staðfest til að öðlast þegar gildi, og birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 22. febrúar 1916.

Einar Arnórsson,

Jón Hermannsson.

12

25. febr.

Erindisbrjef

fyrir yfirullarmatsmenn.

1. gr.

Yfirullarmatsmennirnir skulu kynna sjer sem best, hvernig á að verka, þurka og flokka ull, svo að hún verði talin góð vara á erlendum markaði.

Þeir skulu einnig kynna sjer þær breytingar, er kunna að verða á kröfum þeim, sem erlendir kaupendur eða umboðsmenn þeirra hjer á landi gera til ullarverkunar.

2. gr

Yfirullarmatsmenn hafa yfirumsjón með mati á ull, sem flutt er út, hver í sinu umdæmi. Um flokkun og merking ullarinnar eru settar sjerstakar reglur.

Þeir skulu gera út um öll ágreiningsmál, sem kunna að koma fyrir við ullarmatið.

3. gr.

Yfirullarmatsmenn láta ullarmatsmenn framkvæma skoðun og mat á ullinni og merking ullarinnar. Einnig skulu þeir hafa yfirumsjón með þökkun og útskipun ullarinnar og meðferð hennar í útflutningsskipunum. Skulu þeir gæta þess, að hverri ullarsendingu fylgi vottorð ullarmatsmanns um, að ullin sje skoðuð og flokkuð eftir rjettum reglum, og samrit af vottorðinu sje ritað á farmskirteinið. Sýslumaður eða hreppstjóri skal votta með undirskrift sinni, að löglega skipaður ullarmatsmaður eða ullarmatsmenn hafi undirritað vottorðið í hans við-

urvist. Sje hreppstjóri sjálfur útflytjandi ullarinnar eða ekki búsettur á útflutningsstaðnum, skipar sýslumaður til þess annan hæfan mann.

12
25. febr.

Þeir senda hlutaðeigandi lögreglustjóra tillögur sínar um, á hverjum stöðum í umdæmi þeirra þurfi að skipa ullarmatsmenn, hve marga og hverja ætti að skipa.

Ullarmatsmennirnir eru skyldir að hlýða yfirullarmatsmanni samkvæmt reglum þeim, sem settar eru í erindisbrjefi fyrir þá.

4. gr.

Yfirullarmatsmenn skulu ferðast um umdæmi sín ár hvert á ullartökutímanum, svo oft sem nauðsynlegt er, og skulu á þeim ferðum leiðbeina eftir bestu föngum þeim, sem hafa ull til útflutnings eða fást við ullarverkun.

5. gr.

Yfirullarmatsmenn skulu segja ullarmatsmönnum fyrir um ullarmatið, leiðbeina þeim í öllu, sem starfinu viðkemur, og yfir höfuð kosta kapps um, að þeir verði sem færastir til þess að meta ull.

Þeir skulu, að svo miklu leyti, sem þeir geta, hafa eftirlit með vinnu þeirra.

6. gr.

Yfirullarmatsmenn skulu gæta þess, að ull sje ávalt metin, skoðuð og vegin í þurum og þrifalegum vörugeymsluhúsum, þar sem er nægilega bjart.

Þeir skulu og gæta þess, að ullinni sje ekki skipað út, nema þegar þurt er veður.

7. gr.

Yfirullarmatsmenn eru launaðir úr landssjóði samkvæmt lögum nr. 45, 3. nóv. 1915. Þeim er stranglega bannað að taka á móti nokkurri þóknun, hverju nafni sem nefnist, frá þeim, sem metið er fyrir, frá seljendum, kaupendum eða útflytjendum ullarinnar eða umboðsmönnum þeirra, eða öðrum, sem kunna að vera riðnir við sölu, kaup eða flutning ullarinnar á útflutningsskipunum.

8. gr.

Yfirullarmatsmenn mega ekki vera í þjónustu þeirra, er láta meta ull, nje kaupa ull til útflutnings, hvorki fyrir sjálfa sig nje aðra.

9. gr.

Nú verða yfirullarmatsmenn þess vísir, að einhver ullarútflytjandi brýtur á móti ákvæðum nefndra laga frá 3. nóv. 1915, ber þeim þá að skýra hlutaðeigandi lögreglustjóra frá því tafarlaust.

10. gr.

Að afloknum starfstíma sínum ár hvert skal yfirullarmatsmaður senda

12 stjórnarráðinu skýrslur, sem hann hefir fengið frá ullarmatsmönnum, og láta þar 25. febr. með fylgja yfirlitsskýrslu frá sjálfum sjer yfir ullarmatið og skýrslu um störf sín.

11. gr.

Yfirullarmatsmenn rita undir drengskaparheit um, að þeir vilji hlýða erindisbrjefi þessu, og með alúð og samvirkusemi rækja skyldur þær, sem á þeim hvíla í stöðu þessari.

Þeir verða að sætta sig við þær breytingar, sem gerðar kunna að verða á erindisbrjefi þessu.

Í stjórnarráði Íslands, 25. febrúar 1916.

Einar Arnórsson.

Jón Hermannsson.

13
25. febr.

Erindisbrjef

fyrir ullarmatsmenn.

1. gr.

Ullarmatsmennirnir eiga að leggja stund á að verða sem færastir í að geta dæmt um verkun og þurkun á ull, og leiknir í því, að flokka hana eftir þeim reglum, sem settar eru um ullarmat.

2. gr.

Yfirullarmatsmenn eru yfirboðarar ullarmatsmanna, hver í sínu umdæmi. Ullarmatsmennirnir meta og flokka ull til útflutnings og hafa umsjón með þökkun, útskipun og meðferð hennar á útflutningsskipunum, undir yfirumsjón yfirullarumsjónarmanna og eftir nánari fyrirskipunum þeirra.

Ullarmatsmenn skulu vera til taks, þegar á þeim þarf að halda við ullarmat, og mega ekki fara úr þeim ullartökustað, þar sem þeir eiga að annast ullarmat, meðan á ullartöku stendur, nema með leyfi yfirullarmatsmanns, eða ef ekki næst til hans, hlutaðeigandi lögreglustjóra.